# Þróunarsjóður innflytjendamála 2011

## Development Fund for Immigration Issues  2011

**Heiti verkefnis**:  **Um birtingarmyndir dulinna fordóma og mismununar í garð innflytjenda á Íslandi**

**Nafn styrkþega**: InterCultural Ísland

**Útdráttur**:

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að 93% þátttakenda rannsóknarinnar af erlendum uppruna höfðu upplifað einhverjar birtingarmyndir dulinna fordóma einu sinni eða oftar á því 14 daga tímabili sem þeir fylgdust með framkomu gagnvart sér. Á jafn löngum tíma hafði 35,2% þeirra Íslendinga sem þátt tóku í rannsókninni upplifað það sama gagnvart sér einu sinni eða oftar. Á þessum niðurstöðum var marktækur munur, sem gefur til kynna að hér sé ekki um tilviljun að ræða, heldur sé þessi munur á upplifunum Íslendinga og fólks af erlendum uppruna raunverulegur í samfélaginu.

Niðurstöðurnar sýna einnig að munurinn milli upplifana fólks af erlendum uppruna og íslenska viðmiðunarhópsins er breiður þegar horft er til fjölda slíkra upplifana og höfðu þannig ennþá 62,5% fólks af erlendum uppruna upplifað einhverja viðkomandi birtingarmynda fimm sinnum eða oftar á tímabilinu en aðeins 5,8% Íslendingana. Engir íslensku þátttakendanna hafði síðan upplifað slíka hegðun gagnvart sér 10 sinnum eða oftar eða 20 sinnum eða oftar á 14 daga tímabili á meðan 36,1% fólks af erlendum uppruna upplifði slíka hegðun gagnvart sér 10 sinnum eða oftar og 15,2% upplifðu einhverja birtingarmynd dulinna fordóma gagnvart sér 20 sinnum eða oftar. Sú staðreynd að 62,5 % fólks af erlendum uppruna upplifi niðurlægjandi framkomu gagnvart sér fimm sinnum eða oftar á 14 daga tímabili eru alvarlegar niðurstöður – burtséð frá samanburði við íslenska þátttakendur.

Annað sem fram kemur í rannsókninni er að algengustu  birtingarmyndir dulinna fordóma eru þær sem eru aðeins augljósar þeim sem fyrir þeim verða en erfitt er að „sanna“ gagnvart öðrum. Í rannsókninni kemur berlega í ljós að oftast upplifa þátttakendur viðkomandi framkomu gagnvart sér á vinnustaðnum.

Tilfinningarnar sem upplifuninni fylgja eru með örfáum undantekningum alltaf slæmar eða afar slæmar. Afar mikilvægt er að tekið sé mark á þeim einstaklingum sem hér hafa svarað af einlægni og nýta niðurstöðurnar til úrbóta, t.d. með fræðslu og vitundarvakningu á vinnustöðum.

**Project Title**: **Manifestations of every day prejudice and discrimination towards immigrants in Iceland.**

**Name of Grantee**: **InterCultural Iceland**

**Abstract**:

The main findings of the study show that 93% of participants with non-Icelandic background experienced some form of hidden prejudice/discrimination once or more during the 14 day period they were asked to observe other people's behavior towards them. Only 35,2% of the Icelandic participants had the same experience once or more during the same time period. The results demonstrate that there is a significant difference between non-Icelanders and Icelanders, which indicates that this is not a coincident, but that the difference between the experiences of each group is significant. The results also show that the difference between participants with non-Icelandic background and the Icelandic control group gets notably wider when we look at the number of experiences they had, where 62,5% of participants with non-Icelandic background experienced some form of hidden prejudice/discrimination five times or more during the time period, compared to only 5,8% of the Icelandic group. The fact that 62,5% of participants with non-Icelandic background experience humiliating and disrespectful behavior towards them five times or more during a 14 day period is an alarming finding, independent of the comparison to the Icelandic participants.

The most common manifestations of everyday discrimination are the ones that are only visible to those who experience them but who are difficult to „prove“ to others. The study shows that participants mostly experience the discriminative behavior at their workplace.

The feelings that participants describe in connection with the behavior towards them is always negative or very negative.